

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Loga Einarssyni um fagmenntun starfsmanna stofnana.

1. *Hversu margir starfsmenn unnu hjá Rannsóknastofu byggingariðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóði árið 2016 og hver var fagmenntun þeirra? Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum.*

Ofangreindar stofnanir heyrðu ekki undir innviðaráðuneyti á þessum tíma en málaflokkarnir færðust til ráðuneytisins árið 2021. Ráðuneytið leitaði eftir umbeðnum upplýsingum hjá Fjársýslu ríkisins en stofnunin býr ekki yfir upplýsingum um menntun og fjölda starfsmanna Rannsóknastofu byggingariðnaðarins. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um menntun allra starfsmanna ofangreindra stofnana. Eftirfarandi upplýsingar í töflu 1 bárust ráðuneytinu.

Tafla 1.

Menntunarkóði og skýring	Íbúðalánasjóður		Mannvirkjastofnun		Nýsköpunarmiðstöð Íslands	
	Stöðugildi á ári	Fjöldi kennitalna	Stöðugildi á ári	Fjöldi kennitalna	Stöðugildi á ári	Fjöldi kennitalna
	59,4	87	16,9	29	68,7	96
20 Grunnskóli, nánari upplýsingar vantar	1	1				
23 Gagnfræðapróf			0,3	1		
30 Framhaldsskólastig	5,1	6				
33 Burtfararpróf úr iðn			0,2	1		
36 Stúdentspróf					0,2	1
40 Viðbótarstig	4,2	5	0,3	1	0,7	1
44 Stutt hagnýtt nám á háskólastigi, grunndiplóma					0,8	1
60 Háskólastig	9,3	10	2,2	5	1	1
61 Bakkalárgráða úr háskóla	2	2	1,9	5	0,3	2
62 Viðbótardiplóma við bakkalárgráðu			0,3	1	0,4	2
71 Löng kandidategráða, t.d. í læknisfræði			0,8	3		
72 Meistaragráða	0,8	2	4,2	12	4,1	5
80 Doktorsgráða			0,3	1	0,7	1
99 Óþekkt	1,2	2				

2. Hversu margir starfsmenn unnu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í ársbyrjun 2023 og hver var fagmenntun þeirra?

Í ársbyrjun 2023 störfuðu 148 starfsmenn hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Í töflu 2 má sjá yfirlit um menntun þeirra.

<b>Tafla 2.</b>	
<b>Menntun</b>	<b>Fjöldi</b>
Alþjóðamarkaðsfræði	1
Arkitekt	2
Byggingafræði	6
Byggingaiðnfræði	4
Framhaldsskólamenntun	20
Guðfræði	1
Hagfræði	1
Hönnun	1
Iðjuþjálfun	1
Iðnnám	5
Íslensk fræði	1
Kerfisfræði	4
Landfræði	4
Líffræði	1
Lögfræði	22
Mannfræði	1
Margmiðlunarfræði	1
Mælingar-, skipulags- og landstjórnarfræði	1
Ófaglærðir	14
Rekstrarfræði	1
Sálfræði	1
Sjávarútvegsfræði	1
Stærðfræði	1
Tómstunda- og félagsmálafræði	1
Tæknifræði	11
Tölvunarfræði	5
Umhverfis- og auðlindafræði	1
Uppeldis- og menntunarfræði	2
Upplýsingafræði	2
Verkfræði	10
Viðskiptafræði	21
<b>Samtals</b>	<b>148</b>